

**102. fundur**  
Fimmtudagur 10.  
Zoom



**Stúdentaráðs**  
ágúst 2023 kl. 18:00 –

**Fundaritari: Hanna Karin**

**Mættir:**

Sólveig Birna (forseti), Hanna Karin (varaforseti), Ragnheiður Rós (fjármálastóri), Bryndís, Erla, Hulda, Rakel, Páll, Sóldís, Æsa, Cristina, Berglind, Lilja, Silja.

**Fundur settur: 18:00**

## **Fundardagskrá**

### **1. Nýnemadagar 2023**

#### **a. Hlutverk stúdentaráðs**

Á mánudeginum er Eir að taka á móti nýnemum. Á miðvikudeginum eru laganemar, félagsvísindanemar, kennaranemar og sálfræðinemar að koma og er sá dagur fjölmennastur. Fimmtudagurinn er aðeins frábrugðinn hinum þar sem þau byrja klukkan 13:00. Þau eru einnig mikið færri þó það séu þrjár deildir. Hlutverk formanna á nýnemadögum er að mæta áður en dagskrá hefst og taka á móti nýnemum.

Föstudagurinn er stærsti dagurinn en það er nýnemadagur SHA. Sólveig hvetur formenn og aðra til að tala vel um föstudaginn og hvetja nýnema til að mæta. Nýnemakvöldið verður haldið á Vamos klukkan 21:00. Lilja og Cristina buðu sig fram sem trúnaðarmenn á nýnemakvöldinu okkar.

#### **b. Hlutverk Viðburðanefndar**

Það er æskilegt að einhver úr Viðburðarnefnd geti verið á staðnum hverju sinni.

### **2. Sprellmót 2023**

Sprellmótið verður 22. september. Það byrjar klukkan 15:00 á ráðhústorgi og venjan er að aðildarfélögin hittist fyrir þann tíma. Sólveig hvatti formenn til að fara bóka staði til að vera á en einnig til að fara huga að búningum. Það fara rútur upp í skóla eftir að dagskrá lýkur á torginu og þar verður boðið upp á pizzur áður en keppni heldur áfram. Svo fara rútur niður í bæ fyrir þá sem vilja eftir að dagskrá lýkur í skólanum.

Það eiga allir stúdentar að vera í fríi frá hádegi þann 22. september

Fyrirspurn barst frá Erlu varðandi fjölda á sprellumótum. Framkvæmdastjórn ætlar að kanna með fjölda sem kemst að og hvort að hvert félag fái x mörg pláss eða hvort það sé fyrstur kemur fyrstur fær.

### **3. Vinnufundur 2023**

Með fyrirvara um breytingar verður vinnufundurinn föstudaginn 29. september og er skyldumæting á fundinn. Að lokum verður reiknað með einhvers konar hópefli/skemmtun.

### **4. Starfsáætlanir og fjárhagsáætlanir**

Fyrsta greiðslan kemur fyrir nýnemadaga og til þess að fá hana þarf að skila inn fjárhagsáætlun.

### **5. Önnur mál**

#### **a. Samstarfsaðilar**

Ragnheiður upplýsti stúdentaráði með stöðuna á samstarfsaðilum. Síminn og Orkusalan voru með okkur í fyrra og verða aftur í ár. Hins vegar eru fimm ný fyrirtæki sem ætla vera með okkur til viðbótar: Vífilfell, Vamos, Norður, Akureyri Festival og Partyland.

#### **b. SHA app**

Ný uppfærsla er í vinnslu og verður hún gefin út í kringum mánaðarmót. Nú verður hægt að flokka afslætti eftir staðsetningu. Einnig munu formenn aðildafélaga hafa sér aðgang sem veitir þeim möguleika á að búa til viðburði og sent tilkynningar til þeirra sem skráðir eru í félagið.

**Fundi slitið: 18:55**